

## L ö g

Nr. 36.  
20.  
október.

um breyting á lögum nr. 26, 11. júlí 1911, um skoðun á síld.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Fyrsta grein orðist þannig:

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, og veidd er í herpinót eða reknet, og söltuð er á landi eða hjer við land.

Auk þess skal öllum gefast kostur á að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið hæfilega lengi í salti.

## 2. gr.

Orðin »á nefndu svæði« í 3. gr. falli burt.

## 3. gr.

Orðin: »og metið« í niðurlagi 2. málsgreinar í 5. grein falli burt.

Aftan við sömu grein bætist:

Undir sjerstökum kringumstæðum má yfirmatsmaður leyfa skoðun á síld, er ekki hefir í fyrstu verið ætluð til útflutnings, og það af henni, er þá kynni að reynast góð vara, má senda til útlanda á venjulegan hátt.

## 4. gr.

Orðin í 8. gr.: »Annar þeirra.....starfsvið þeirra« falli burt og í staðinn komi: Stjórnarráðið ákveður aðsetur þeirra og starfsvið.

Orðin í sömu grein: »Útgerðarmönnum þeim, er síldin er skoðuð fyrir« falli burt, en í þeirra stað komi: þeim, er síldina lætur salta.

## 5. gr.

10. grein orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest, og skal þá færa breytingar þær, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga 11. júlí 1911 um skoðun á síld, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt, sem lög um skoðun á síld.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

**H. Hafstein.**